

Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Eyja- og Miklaholtshreppi og Helgafellssveit

13. fundur skipulags- og byggingarnefndar Eyja- og Miklaholtshrepps og Helgafellssveitar.

Fundurinn var haldinn sunnudaginn 13. desember 2009 að Þverá í Eyja- og Miklaholtshreppi og hófst kl. 21:00.

Mættir voru:

Halldór Jónsson, Þverá.

Benedikt Benediktsson, Saurum.

Jóhannes Eyberg Ragnarsson, Hraunhálsi.

Jón Oddsson, Kolviðarnesi.

Jökull Helgason, skipulags- og byggingarfulltrúi, sem einnig ritaði fundargerð.

Halldór Jónsson formaður nefndarinnar bauð fundarmenn velkomna og setti fund. Fundarstjóri var kosinn Jökull Helgason.

Dagskrá fundarins:

1. Erindi dags. 24.09.2009 frá Sigurjóni Einarssyni f.h. Hóla í Helgafellssveit. Sótt er um leyfi fyrir deiliskipulagi ferðaþjónustu. Meðfylgjandi er deiliskipulagsuppráttur ásamt greinargerð.
**Byggingarfulltrúa falið að fá heildarupprátt af Hólum sem sýnir þær spildur sem áður hafa verið samþykktar á jörðinni. Einnig að afla samþykkis landeigenda á deiliskipulagssvæðinu.
Erindinu frestað.**
2. Erindi dags. 24.10.2009 frá Ólafi Guðmundssyni f.h. Harðar Ingólfssonar Hrísum. Sótt er um leyfi til að stofna 25 ha landspildu úr landi Hrísa. Meðfylgjandi er uppráttur dags. október 2009.
Samþykkt með fyrirvara um að skilað verði inn til byggingarfulltrúa hnitsetningu spildunnar og heildarupprætti af allri jörðinni.
3. Erindi dags. 02.11.2009 frá Guðrúnu Reynisdóttur og Magnúsi Guðmundssyni, Gríshóli. Sótt er um leyfi fyrir deiliskipulagi íbúðarbyggðar úr landi Gríshóls í svokallaðri Léttahlíð. Meðfylgjandi er tillaga að deiliskipulagi dags. 27.09.2009.
**Samþykkt með fyrirvara um samþykki Vegagerðar vegna vegtengingar við Þjóðveg. Nefndin hvetur til samnýtingar á rotþróm í hverfinu.
Byggingarfulltrúa falið að ræða við umsækjanda vegna lagfæringa á deiliskipulagsupprætti. Samþykkt að auglýsa deiliskipulagið þegar skilyrðum er fullnægt.**
4. Erindi frá Hauki Randverssyni kt. 26.07.66-4659 og Petrínu Sæunni Randversdóttur kt. 01.04.71-5249. Sótt er um byggingarleyfi fyrir sumarhúsi á lóðinni Birkilundi 8a í landi Saura. Meðfylgjandi eru byggingarnefndarteikningar frá Teiknivangi.
Samþykkt með fyrirvara um ákvæði brunavarna.

Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Eyja- og Miklaholtshreppi og Helgafellssveit

5. Erindi dags. 14.11.2009 frá Eyjólfri Árna Rafnssyni f.h. eigenda Innri-Kóngsbakka ehf kt. 57.07.91-1259. Sótt er um leyfi til að fjarlægja húsið „Gestahús“ að Innri-Kóngsbakka en húsið stendur á milli húsanna Konungsbrautar 3 og 5. Á gildandi deiliskipulagi fyrir Innri-Kóngsbakka er gert ráð fyrir að þetta hús verði fjarlægt.
Samþykkt með þeim áskilnaði að mannvirki hafi verið leyst undan veðböndum.
6. Erindi dags. 25.11.2009 frá Þórarni Sighvatssyni, 340 Stykkishólmi. Sótt er um byggingarleyfi á lóðinni Léttahlíð 3 úr landi Gríshóls. Um er að ræða endurbyggingu svokallaðs Gestahúss, sem nú stendur á Innri Kóngsbakka.
Meðfylgjandi eru byggingarnefndarteikningar frá Teikniþjónustu Magnúsar Einarssonar.
Samþykkt að veita byggingarleyfi vegna endurbyggingar hússins að Léttahlíð 3, með fyrirvara um endanlega afgreiðslu skipulags.
7. Erindi ódagsett frá Snorra Jóhannssyni kt. 22.07.44-2219, Litlubæjarvör 16, 225 Álftanesi. Sótt er um byggingarleyfi á lóðinni Léttahlíð nr. 1 úr landi Gríshóls. Með erindinu fylgdu byggingarnefndarteikningar frá Atla Jóhanni Guðbjörnssyni.
Samþykkt með fyrirvara um endanlega afgreiðslu skipulags.
8. Erindi dags. 14.11.2009 frá Jóni Thors kt. 11.04.32-3059, Miðleiti 5, 103 Reykjavík og Ástu Ingunni Thors kt. 16.06.36-4329, Skúlagötu 20, 101 Reykjavík. Sótt er um leyfi fyrir niðurrifi á íbúðarhúsi fastanr. 211-5469 á jörðinni Hraunfirði lnr. 136942 í Helgafellssveit.
Samþykkt með þeim áskilnaði að mannvirki hafi verið leyst undan veðböndum.
9. Erindi ódagsett frá Trausta Hólm Jónassyni kt. 18.04.46-4279, Sævangi 24, 220 Hafnarfirði. Sótt er um byggingarleyfi á lóðinni Birkilundi 26. Með erindinu fylgdu byggingarnefndarteikningar frá Emil Þór Guðmundssyni.
Samþykkt.
10. Erindi dags. 15.11.2009 frá Trausta Hólm Jónassyni kt. 180446-4279. Sótt er um flutningsleyfi og stöðuleyfi fyrir sumarhúsi 6,0 x 4,2 m að stærð.
Húsið verður flutt frá Eilífsdal að Birkilundi 26, Saurum í Helgafellssveit.
Samþykkt.
11. Gautur Þorsteinsson f.h. Og Vodafone. Sótt er um leyfi til að stofna 225 m² spildu úr landi Bjarnarhafnar. Fyrir liggur lóðarleigusamningur vegna spildunnar.
Samþykkt.
12. Erindi frá Teiknistofunni Kvarða f.h. lóðarhafa Birkilundar nr. 15, Saurum Helgafellssveit. Sótt er um byggingarleyfi fyrir 20 m² gestahúsi skv. byggingarnefndarteikningum dags. 16.11.2009 frá Teiknistofunni Kvarða.
Samþykkt.
13. Erindi dags. 11.09.2009 frá Birgi Þór Guðmundssyni, Bjarkargrund 44, Akranesi. Fyrir hönd Bryndísar Huldu Guðmundsdóttur kt. 170262-4179 er sótt um stöðuleyfi fyrir 30 m² hjólhýsi á lóð nr. 1 skv. deiliskipulagi Stóra-Króks í landi Miðhrauns.
Samþykkt.

Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Eyja- og Miklaholtshreppi og Helgafellssveit

14. Erindi dags. 11.09.2009 frá Birgi Þór Guðmundssyni, Bjarkargrund 44, Akranesi.
Fyrir hönd Þóru Vigdísar Guðmundsdóttur kt. 181056-4369 er sótt um stöðuleyfi fyrir 30 m² hjólhýsi á lóð nr. 9 skv. deiliskipulagi Stóra-Króks í landi Miðhrauns.
Samþykkt.
15. Erindi dags. 13.11.2009 frá verkfræðistofunni Verkmætti f.h. Björns Viðars Ellertssonar. Umsókn um byggingarleyfi fyrir braggahýsi í landi Syðra-Skógarness. Stærð hýsisins er 30 m² að grunnfleti. Skráningartöflu vantar.
Samþykkt.
16. Erindi dags. 30.11.2009 frá Garðari Halldórssyni f.h. eiganda Hrútsholts ehf, Skildinganesi 25, 101 Reykjavík. Sótt er um leyfi fyrir niðurrifum.
Um er að ræða eftirtalin mannvirki:
Fastanúmer 211-3037 (Hrútsholt 1)
03 0101 Gripahús (62.4 m²)
04 0101 Hlaða (154.4 m²)
08 0101 Fjánhús m áburðark (160.0 m²)
10 0101 Fjánhús m áburðark (358.9 m²)
13 0101 Flatgryfja (160.0 m²)
Fastanúmer 212-3048 (Hrútsholt 2)
05 0101 Fiskverkunarhús (69.1 m²). Skúr sem byggður var utan á fjós/hlöðu.
Fastanúmer 221-9205 (Hrútsholt 2)
05 0101 Fiskeldisker (69.1 m²)
Samþykkt með þeim áskilnaði að mannvirki hafi verið leyst undan veðböndum.
17. Til kynningar.
a) Athugasemdir vegna kynningar á tillögu að aðalskipulagi Helgafellssveitar.
Samþykkt að taka athugasemdir vegna kynningar á tillögu að aðalskipulagi Helgafellssveitar fyrir á næsta fundi nefndarinnar.
18. Önnur mál.
Engin mál voru tekin fyrir undir liðnum önnur mál.

Fleira ekki tekið fyrir.
Fundargerð lesin upp og staðfest.
Fundu slitið kl. 23:15.